

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 158/1992.

Rósa Dröfn Sigurðardóttir

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

**dómsmálaráðherra og
fjármálaráðherra vegna
ríkissjóðs og
ríkissaksóknara**

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Frelsisskerðing. Skaðabætur. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari, Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. apríl 1992 og krefst þess, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 1.000.000 krónur, með 21% ársvöxtum frá 2. nóvember 1990 til 1. mars 1991, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar á bótakröfunni og að málskostnaður falli niður.

Ríkissaksóknara var stefnt til sjálfstæðrar aðildar í málinu. Rétt var að stefna honum til fyrisvars vegna ríkissjóðs, sbr. 3. tölulið 154. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Ekki þykir þó ástæða til frávísunar málsins frá héraðsdómi fyrir þá sök.

Í greinargerð lögmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti er tímabil það, sem bótakrafa í málinu miðast við, reiknað frá 23. ágúst 1990 í stað 6. september sama ár, eins og gert var fyrir héraðsdómi. Af hálfu stefndu er þessari breytingu á grundvelli kröfugerðar mótmælt. Með vísan til 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sbr. nú 2. mgr. 17. gr. laga nr. 38/1994, eru ekki skilyrði til, að hún fái komist að í málinu, og ber að hafna henni.

Hinn 6. september 1990 var ákveðið í sakadómi Reykjavíkur, að áfrýjandi skyldi vegna þungunar látin laus úr gæsluvarðhaldi, en með úrskurði daginn eftir var henni að kröfu ákærvalds gert að sæta „geymslu í fangelsinu að Kópavogsbraut 17, Kópavogi, eða öðrum viðeigandi stað samkvæmt mati fangelsislækna, . . .“ Samkvæmt vottorði sérfræðings á kvennadeild Landspítalans 12. sama mánaðar hafði áfrýjandi þá verið þunguð í 12 vikur og 6 daga og mátti vænta fæðingar um 22. mars 1991.

Í réttarhaldi í sakadómi Reykjavíkur 7. september, áður en nefndur úrskurður var kveðinn upp, var tekin vitnaskýrsla af Sigurði Árnasyni fangelsislækni, er veitt hafði áfrýjanda lækniþjónustu og vissi, að hún var þunguð, en hafði þó ekki skoðað hana sérstaklega af því tilefni. Hann kvaðst vegna starfs síns þekkja vel til aðstæðna í fangelsinu að Kópavogsbraut 17 í Kópavogi og meta það besta fangelsi hérlendis. Kvaðst hann telja, að heilsu vanfærrar konu myndi undir venjulegum kringumstæðum ekki hætta búin með vistun þar.

Samkvæmt bréfi forstjóra Fangelsismálastofnunar ríkisins 12. september 1990 var umrætt fangelsi tekið í notkun í apríl 1989 í nýjum húsakynnum. Í bréfinu segir, að aðbúnaður í fangelsinu sé allur mjög góður. Hver fangi hafi sérherbergi með hreinlætisaðstöðu. Þar sé sérstök læknastofa til afnota fyrir lækna fangelsisins, þar sem þeir komi reglulega í vitjanir og séu auk þess ávallt tiltækir, ef á þurfi að halda.

Í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist er ráð fyrir því gert, að vanfærar konur verði vistaðar í fangelsi, en lagaákvæði þetta er svohljóðandi:

„Eigi kona ungbarn við upphaf afplánunar eða fæði barn í afplánun má heimila henni að hafa það hjá sér í fangelsinu.“

Þegar áfrýjandi var látin laus úr gæsluvist þeirri, er henni var gert að sæta samkvæmt nefndum úrskurði, að gengnum dómi Hæstaréttar 17. september 1990 í kærumáli vegna hans, hafði hún verið í gæsluvarðhaldi samfelld frá því í ágúst 1989. Vistun hennar samkvæmt úrskurðinum átti að standa fram að uppkvaðningu fullnaðardóms í máli ákærvaldsins gegn henni, þó eigi lengur en til 1. nóvember 1990. Dómur Hæstaréttar í því máli var kveðinn upp 16. október sama ár.

Í dómi Hæstaréttar í kærumálinu er ráð fyrir því gert, að ákærvaldið hefði átt rétt á fresti til að afla gagna um heilsufar áfrýjanda í framhaldi af kröfu um gæsluvist hennar samkvæmt 4. tölulið 69. gr. laga nr. 74/1974. Sú gagnaöflun fórst að vísu fyrir, svo sem rakið er í dómnum, en ljóst er, að áfrýjandi hefði orðið að sæta áfram gæsluvarðhaldi, meðan á fresti til þeirrar gagnaöflunar stóð, ef til hennar hefði verið stofnað.

Pegar litið er til þess, hvernig háttáð var aðstæðum og aðbúnaði í umræddu fangelsi, og þess, að ekkert í gögnum málsins bendir til annars en áfrýjandi hafi búið við góða heilsu, það sem liðið var meðgöngutímans, verður að telja verulegar líkur á því, að gæsluvist hennar eftir 4. tölulið 69. gr. laga nr. 74/1974 hefði orðið áfram í fangelsinu að Kópavogsbraut 17. Er þá einnig höfð hliðsjón af áður nefndu ákvæði í 8. gr. laga nr. 48/1988.

Með skírskotun til alls þessa verður ekki talið, að næg skilyrði séu til þess samkvæmt 152. gr. laga nr. 74/1974 að dæma áfrýjanda bætur í máli þessu. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Áfrýjandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974. Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns áfrýjanda, 40.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns áfrýjanda, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. febrúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. janúar sl., hefur Rósa Dröfn Sigurðardóttir, kt. 240867-5409, Unufelli 44, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 21. mars 1991, á hendur dómismálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og ríkissaksóknara til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 1.000.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaðar].

Dómkröfur stefndu eru aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilfelli látinn niður falla.

Sáttaumleitanir fyrir dómi reyndust árangurslausar.

I.

Sumarið 1989 sætti stefnandi máls þessa opinberri rannsókn vegna ætlaðra brota á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Stefnandi var meðal annars grunuð um manndrápstilraun, og sætti hún gæsluvarðhaldi af þessum sökum frá því í ágúst 1989 til 6. september 1990. Dómur í máli stefnanda gekk 26. janúar 1990, og var stefnandi sakfelld fyrir manndrápstilraun og dæmd til 6 ára óskilorðsbundinnar fangelsisvistar. Dómur þessi sætti lögskyldri áfrýjun. Stefnandi sætti áfram gæsluvarðhaldi samkvæmt úrskurðum sakadóms Reykjavíkur, og átti það að vara allt til þess tíma, er hæstaréttardómur gengi í máli stefnanda. Úrskurðir þessir voru studdir 4. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974. Stefnandi var, meðan á gæsluvarðhaldi hennar stóð, vistuð í fangelsinu að Kópavogsbraut 17, Kópavogi, sem er afplánunarfangelsi, og að sögn stefndu naut hún þar „afplánunarkjara“, þar sem einangrun hennar taldist ekki nauðsynleg. Stefnu kveða þá tilhögun hafa staðið allt frá 15. janúar 1990.

Í júlí 1990 kveðst stefnandi hafa fengið grun um, að hún væri vanfær. Hinn 24. ágúst 1990 var gerð þvagrannsókn á stefnanda, er benti til þungunar, og 12. september 1990 er staðfest af sérfræðingi í kvensjúkdómalækningum, að stefnandi sé vanfær og vænta mætti fæðingar um miðjan mars 1991. Stefnandi kveður fangelsisýfirvöldum hafa verið ljós þessi vitneskja, án þess að það leiddi til breytingar á högum stefnanda. Hinn 5. september 1990 gerði stefnandi kröfu fyrir sakadómi Reykjavíkur um, að henni yrði tafarlaust sleppt úr gæsluvarðhaldi, og var krafan reist á 4. tl. 69. gr. l. um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Krafa þessi sætti ekki andmælum ríkissaksóknara, og var stefnandi leyst úr gæsluvarðhaldi 6. september 1990. Sama dag gerði ríkissaksóknari kröfu um það, að stefnandi yrði vistuð í sérstakri geymslu samkvæmt 4. tl. 69. gr. l. nr. 74/1974. Stefnandi mótmælti þessari kröfu á þeim forsendum, að hún væri vanreifuð og öll gögn skorti henni til grundvallar. Hinn 7. september 1990 var stefnandi í Sakadómi Reykjavíkur úrskurðuð til að sæta geymslu í fangelsinu að Kópavogsbraut 17, Kópavogi, allt til 1. nóvember 1990.

Úrskurður þessi var kærður til Hæstaréttar Íslands. Hinn 17. september 1990 var kveðinn upp dómur í hæstaréttarmálinu nr. 328/1990 og úrskurður

sakadóms Reykjavíkur frá 7. sama mánaðar felldur úr gildi með þeim rökum, að ákærvaldið hefði ekki enn aflað gagna sérfræðings um heilsufar og vistun stefnanda, og yrði því ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi. Stefnandi var þá leyst úr haldi.

Hinn 16. október 1990 var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands dómur í málinu: Ákærvaldið gegn Rósu Dröfn Sigurðardóttur. Með dómi Hæstaréttar var stefnandi dæmd til að sæta tveggja ára fangelsi óskilorðsbundið fyrir ýmis auðgunarbrot, en sýknuð af ákæru um manndrápstillraun. Til frádráttar refsingu kom gæsluvarðhaldsvist, samtals 381 dagar, sem svaraði því gæsluvarðhaldi, er stefnandi hafði setið í undir rannsókn málsins og allt fram til 6. september 1990. Sá tími, er stefnandi var í vistun samkvæmt 4. tl. 69. gr. l. nr. 74/1974, kom þannig ekki til frádráttar í dómi Hæstaréttar.

Stefnandi virðist einkum styðja málsókn sína því, að hún hafi setið í „geymslu“ í fangelsi við afplánunarkjör í 11 daga, án þess að til þess stæði heimild að lögum. Af þessum sökum krefur stefnandi stefndu um greiðslu bóta, að fjárhæð 1.000.000 kr. Stefndu hafi hafnað kröfu hennar, og telji þeir, að vistun stefndu hafi ekki stofnað til bótaskyldu af þeirra hálfu. Með vísan til viðbragða stefndu sé málsókn þessi óhjákvæmileg.

Þessu til stuðnings vísar stefnandi til XVIII. kafla l. nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, einkum 151. og 152. gr.

Stefndu reisa kröfur sínar á því, að með hliðsjón af sökum þeim, er bornar voru á stefnanda, hafi hún ótvírætt átt að sæta gæsluvarðhaldi samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974, uns fullnaðardómur gengi í máli hennar. Það sé og fullkomlega heimilt í þágu rannsóknar opinbers máls og meðan á málsmeðferð fyrir dómi stendur, að svipta þá menn, sem svo stendur á um, frelsi sínu með gæsluvist í formi geymslu. Í ákvæðum þar um felist fyrst og fremst krafa um, að sá staður, sem frelsissviptingin fer fram, tryggi viðkomandi meðferð við hæfi. Ákvæðið útiloki á engan hátt, að slík geymsla geti farið fram í afplánunarfangelsi, verði geymslu við komið þar með þeim hætti, að heilsu viðkomandi sé borgið.

Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 17. september 1990 komi fram sú forðæmisúrlausn, að í ákvæði laganna um meðferð opinberra mála um geymslu felist krafa um, að geymsla skuli ákveðin sérstaklega í hverju tilviki fyrir sig að fengnu læknisráði um heilsufar og vistun viðkomandi. Jafnframt sé ljóst af dóminum, að ekki sé skylt að aflétta tafarlaust frelsissviptingu samkvæmt gæsluvarðhaldsúrskurði og láta viðkomandi lausan, þótt krafa komi fram um slíkt á grundvelli 4. tl. 69. gr. Ákærvaldinu sé rétt að krefjast þess strax, að gæsluvist fari eftir 4. tl. 69. gr., og fá frest til öflunar gagna, þ. á m. læknisfræðilegra gagna, og viðhalda þannig frelsisskerðingu

þeirri, sem stefnandi hafði sætt samkvæmt gæsluvarðhaldsúrskurði. Verði því ekki séð, að stefnandi hafi að lögum átt óskoraðan rétt til að fá og halda frelsi dagana 7. september til 17. september 1990.

Sá annmarki, er var á málsmeðferð ákærvalds við gagnaöflun og leiddi til þess, að kröfur þess náðu ekki fram að ganga og úrskurður sakadóms var felldur úr gildi, geti ekki, án þess að neitt annað komi til, leitt til þess, að undangengin frelssvipting stefnanda samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur verði við það ólögmat gagnvart 4. tl. 1. mgr. 67. gr., samanber 4. tl. 69. gr. 1. nr. 74/1974. Ekki sé því unnt að fallast á það, að umrædd frelssvipting stefnanda hafi verið ólögmat og bótaskyld, hvorki á grundvelli almennra reglna né sem frelsskerðing, er lögmat skilyrði bresti fyrir samkvæmt 1. tl. 151. gr., eða sem óleyfilegt gæsluvarðhald í skilningi 152. gr. 1. nr. 74/1974.

Loks halda stefndu því fram, að kröfur stefnanda séu allt of háar. Komist dómurinn að því, að stefnandi eigi einhvern bótarétt, sé þess krafist, að þær bætur verði stórlega lækkaðar. Vaxtakröfum og upphafstíma þeirra er einnig mótmælt. Jafnframt, ef niðurstaða yrði sú, að stefnanda bæru bætur, er þess krafist til stuðnings sýknukröfum og eftir atvikum til stuðnings varakröfu, að ógreidd skuld stefnanda vegna sakarkostnaðar samkvæmt dómi Hæstaréttar 16. október 1990 komi til skuldajafnaðar á móti þeim bótum, sem kynnu að verða dæmdar. Skuld stefnanda vegna þessa nemi 439.979 krónum, og ekkert hafi enn verið greitt upp í þá kröfu.

II.

Með hliðsjón af atvikum máls þessa verður fallist á það með stefndu, að gæsluvarðhald stefnanda, meðan á rannsókn máls hennar stóð og eftir að dómur hafði verið kveðinn upp í máli hennar í sakadómi Reykjavíkur 26. janúar 1990, hafi verið lögmætt.

Frelsskerðing stefnanda í kjölfar staðfestrar þungunar hennar var reist á 4. tl. 69. gr. 1. nr. 74/1974. Hæstiréttur nam ákvörðun um þá frelsskerðingu úr gildi, þar sem ákærvaldið hafði á þeim tíma, er málið kom til úrlausnar Hæstaréttar, ekki enn lagt fram gögn, þar á meðal álit sérfræðings í kvenlækningum um heilsufar og vistun varnaraðila.

Í dómi Hæstaréttar 16. október 1990 var ekki tekið tillit til þess tíma, er stefnandi var vistuð samkvæmt 4. tl. 69. gr. 1. nr. 74/1974, við ákvörðun refsingar hennar.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi sérstaklega til 151. og 152. gr. 1. nr. 74/1974. Eins og sakargögnum er háttað, þykja þau atriði, er nefnd eru í 151. gr., ekki eiga við í máli þessu.

Með vísan til framanritaðs og með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar 16. október 1990, er varðar þann tíma, er dreginn var frá refsivist stefnanda, verður að telja, að það eitt, að tiltekin gögn lágu ekki fyrir, geti ekki leitt til þess, að stofnast hafi bótaréttur stefnanda til handa í skilningi 152. gr. 1. nr. 747/1974.

Krafa stefndu um sýknu er því tekin til greina. Rétt þykir, að hvor aðili um sig beri sinn málskostnað. Allur gjafsóknarkostnaður máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknarlaun lögmanns stefnanda, 70.000 kr.

Georg Kr. Lárusson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og ríkissaksóknari, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Rósu Drafnar Sigurðardóttur. Málskostnaður fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknarlaun lögmanns stefnanda, 70.000 kr.
